145 30. sept.

b. Vegakaflinn frá bœnum Hlaðhamri á sýsluveginum «a» á fjallveginn yfir Laxárdalsheiði,

c. Vegurinn frá Kollafjarðarbotni upp að Felli yfir Steinadalsheiði að sýslumótum Barðastrandarsýslu.

d. Vegurinn yfir Tröllatunguheiði af veginum «a», hjá bœnum Húsavík, að sýslumótum Barðastrandarsýslu.

e. Vegurinn yfir Laxárdalsheiði af veginum «a» frá Skeljavíkur verzlunarstað að sýslumótum Barðastrandarsýslu.

f. Vegurinn frá Bólstað út fyrir Hálsgötugil, yfir Bjarnarfjarðarháls að Skarði, ofan eptir Bjarnarfirði að Kaldrananesi.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi.

Íslands vesturamt, Reykjavík 30. sept. 1878.

Bergur Thorberg.

146 30. sept.

Auglýsing

um sýsluvegi í suðuramtinu.

Samkvæmt lögum um vegina á Íslandi 15. október 1875, 4. gr. hefir amtsráðið í suðurumdœminu, eptir að hafa meðtekið tillögur sýslunefndanna, ákveðið, að þessir vegir skuli vera sýsluvegir:

1. Í Skaptafellssýslu.

Vegurinn frá Heiðarvörpum á Lónsheiði vestur á við, fyrir sunnan Svínhóla og Reyðará og norðan Bygðarholt, og þaðan vestur yfir Jökulsársand í Lóni, þá sunnanundir Suður-Lónsfjöllum, fyrir norðan Valasel og Þorgeirsstaði, en sunnan Efrafjörð, að mestu beint í suður til útsuðurs allt á vesturbrún Almannaskarðs, þá skáhallt til vesturs niður að Skarðsfirði; þaðan í útnorður upp að Nesjafjöllum, með þeim allt að Borgárfossi; þaðan til vesturs yfir Nesjasveit fyrir norðan Árnanes, yfir Hornafjarðarfljót og Mýrar að Heinabergi, þaðan vestur yfir Heinabergssand, með Hestgerðisfjalli, vestur undir Borgarhöfn, fyrir sunnan þann bœ, vestur yfir Steinasand, vestur með Breiðabólstaðarfjalli, fyrir sunnan Sljettuleiti, og norðan Breiðabólstað, vestur að Breiðamerkursandi, þá yfir sandinn, vestur með Öræfafjöllum, fyrir sunnan Hnappavelli, norðan Fagurhólsmýri, sunnan Hof, Sandfell og Svínafell; þaðan vestur yfir Skeiðarársand, fyrir sunnan Lónanúp, Rauðaberg og norðan Maríubakka, vestur á Brunasand, yfir hann fyrir sunnan Hruna og Orrustustaði, þaðan í útnorður vestur uudir Keldunúpsbringur fyrir sunnan Hörgsland, þá fyrir sunnan Breiðabólstað vestur að Skaptá fyrir austan Kirkjubœjarklaustur, þaðan í útsuður yfir Landbrot, Meðalland og Álptaver, þá í vestur til útnorðurs yfir Mýrdalssand vestur að Núpum, fyrir norðan Höfðabrekku, vestur Kerlingardalsflatir, fyrir sunnan Kárhólma, vestur Vatnsársund, Heiðardal og Fall, þá vestur með Hvamms- og Skammadalsfjalli yfir Steigarháls, Útmýrdal og Sólheimasand vestur að Fúlalœk.

2. Í Rangárvallasýslu.

Vegurinn frá Fúlalœk við Jökulsá að austan, vestur yfir Skógasand, að Skógaá við Skóganúp, þaðan beint fyrir norðan Hrútafellsgarða, vestur yfir Bakkakotsmýrar og Torfmýri að Svaðbœli, fyrir norðan Svaðbœlisbœ vestur úr Svaðbœlisröðum, fyrir sunnan Núpakotsgarða fram hjá Hlíð, Steinum og Varmahlíð, fyrir norðan Arnarhól og Hellna-

hól meðfram Holtsnúp, vestur yfir Holtsá og Holtsodda, og til Miðskálabakka og Lóns- 146
aurs, þaðan beina stefnu til Langavatnsvaðs á Rimhúsaál, þaðan beina stefnu vestur yfir 30. sept.
Hvammsleirur, fyrir framan Desjarhól og Hafurshól, vestur á Fitjarmýrarbakka, fyrir norðan Fitjarmýri; þaðan beina stefnu fyrir sunnan Seljaland til Seljalandsmúla; þaðan beint vestur yfir Markarfljót og Ljósárdíla, fyrir norðan Steinmóðarbœ og Skiptingarhólma, beint yfir Gunnarshólma til Voðmúlastaðarjettar; þaðan beint fyrir sunnan Ossabœ yfir Affallið; þaðan fram hjá Botnsvaðsþúfu til Sýkisvaðs á Þverá; þaðan yfir Dufþekjubrú og Garðsaukalœk norður yfir Hvolhrepp til Djúpadals; þaðan yfir Hofsnestögl fyrir vestan Strönd og Varmadal til Ægisíðuvaðs á vestri Rangá; þaðan yfir Ægisíðubrú, Miðmundaholtsbrú, vestur með Rauðalœk, fyrir sunnan Syðra Rauðalœk, Arnkötlustaði og Áshverfi, yfir Ásbrú, vestur að Hrútsvatni, meðfram Hrútsvatni að norðan, yfir Hrútsvatnsbrú, Flatholtsbrú, Ferjusundsbrú, Reiðholtsbrú, og Þjórsárbakkabrú, vestur á Þjórsárbakka, að Sandhólaferjustað.

3. Í Árnessýslu.

a. Vegurinn frá Lágaskarði til Óseyrar við Ölvesá, austur Eyrarbakka, að Sandhóla ferjustað og Nesi við Þjórsá.
b. Vegurinn frá Kömbum á Hellisheiði að Laugardœlaferju við Ölvesá, þaðan að Egilsstaða og Króksferjum, hvorttveggja eptir þjóðvegi þeim, er stofnaður var og lagður árin 1875 og 1876.
c. Vegurinn frá Mosfellsheiði austanverðri yfir Þingvallasveit, Laugardal og Biskupstungur að Geysi.
d. Vegurinn af Torfeyri í Ölvesi út sveitina, yfir Selvogsheiði og Herdísarvíkurhraun, til takmarka Árnessýslu og Gullbringusýslu.

4. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

a. Vegurinn frá Öskjuhlíð yfir Elliðaár, fyrir Grafarvog, fram hjá Korpúlfstöðum, uppað Mosfelli, fram hjá Skeggjastöðum, yfir Svínaskarð, Reynivallaháls, og að Botnsá.
b. Vegur frá veginum «a» fyrir ofan Elliðaárnar, hjá Reynisvatni, fyrir norðan Miðdal, þangað sem Mosfellsheiðar fjallvegur byrjar.
c. Vegur frá veginum a fyrir ofan Elliðaárnar, austur hjá Árbœ og Hólmi og þangað, er Hellisheiðar (Svínahrauns) fjallvegur byrjar.
d. Vegur frá Hafnarfjarðarveginum nýja upp hjá Hagakoti og Vífilsstöðum, Vatnsenda og Vatni, að veginum «c» fyrir ofan Hólm.
e. Vegur frá Öskjuhlíð til Hafnarfjarðar, þaðan yfir Almenning og Strandarheiði til Keflavíkur, þaðan að Útskálum.
f. Vegur frá veginum «e» hjá Hraunsholti fram á Álptanes.

5. Í Borgarfjarðarsýslu.

a. Vegur eptir endilangri sýslunni út á Akranes, það er eptir Hálsasveit, yfir Reykholtsdalshrepp og Andakýlshrepp út á Hestháls; þar skiptist vegurinn í 2 greinir, þannig að önnur leiðin liggur yfir Skarðsheiði út í Leirár- og Mela hrepp, en hin eptir Hafnarskógi kringum Skarðsheiði til sama hrepps; þaðan liggur vegurinn eptir Leirár- og Melahreppi og Skilmannahreppi fyrir norðan Akrafjall út á Akranes
b. Vegurinn frá Andakýlsá yfir þveran Andakýlshrepp að lögferjunni í Ferjukoti.
c. Vegurinn frá sýsluveginum á Hesthálsi suður Skorradal, að syðri endanum á Skorradalsvatni, yfir um það þar, og svo með suðurlandinu á vatninu að Stóru-Drageyri,

146 30. sept. og þar yfir Dragann, suður Svínadal og niður á Hvalfjarðarströndina, og svo inn ströndina að Botnsvogum.

d. Vegurinn yfir Botnsheiði.

6. Í Vestmannaeyjasýslu.

a. Strandvegurinn.

b. Ofanbyggjaravegurinn.

Þetta er hjer með kunngjört almenningi.

Íslands suðuramt, Reykjavík, 30. sept. 1878.

Bergur Thorberg.

147 *Úthlutun vaxtanna af samskotasjóði Jóns Eiríkssonar frá 11. júní 1876 til 11. júní 1877.*

Hafið úr jarðabókarsjóði samkvæmt ávísun landshöfðingja . . . . . Kr. 536,00

Úthlutað.

til Þönglabakka prestakalls í	Suðurþingeyjarprófastsdæmi	. . Kr.	134,00	
— Grímseyjar ——	- Eyjafjarðarprófastsdæmi	. . . —	138,00	
— Hvanneyrar ——	- ——	. . . —	132,00	
— Knappstaða ——	- Skagafjarðarprófastsdæmi	. . . —	132,00	— 536,00

Skrifstofu biskupsins í Reykjavík, 1. apríl 1878.

P. Pjetursson.

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 27. dag septbrmán. var málaflutningsmaður Guðmundur Pálsson settur til þess að taka við Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og gegna henni á eigin ábyrgð, meðan hún er laus.

Hinn 5. dag októbermán. var landshöfðingjaritari Jón Jónsson settur um stundarsakir málaflutningsmaður við yfirdóminn.

Hinn 5. dag nóvembermán. var að fengnu áliti hlutaðeigandi sýslunefndar löggilding sú, er 5. febr. þ. á. var gefin út handa praktíserandi lækni A. Tegner til þess sem settur um stundarsakir að gegna hjeraðslæknisstörfunum i 5. læknishjeraði apturkölluð frá 31. desbr. þ. á. að telja, og var hjeraðslæknir Þorvaldur Jónsson á Ísafirði settur til þess frá sama tíma að gegna embætti þessu samkvæmt 3. gr. laga 15. okt. 1875.

ALÞINGISKOSNING.

Hinn 19. dag septembermán. voru kosnir alþingismenn fyrir Skagafjarðarsýslu:
Friðrik Sigurður Stefánsson hreppstjóri á Vallholti og
Jón Jónsson landshöfðingjaritari í Reykjavík.

PRESTUR VÍGÐUR.

Hinn 13. dag októbermán. var Jóhann Lúther Sveinbjarnarson vígður aðstoðarprestur sira Daniels prófasts Halldórssonar á Hrafnagili i Eyjafjarðar-prófastsdæmi.

YFIRSKATTANEFND.

Hinn 14. dag októbermán. skipaði landshöfðingi samkvæmt tillögum hlutaðeigandi bæjarstjórnar þessa menn i yfirskattanefnd á Ísafirði:

S. J. Nielsen, bókhaldara,
Vilh. Hólm, verzlunarstjóra,
S. Símon Alexíusson, verzlunarstjóra,
og til vara Guðbjart Jónsson, verzlunarþjón.